

LÖG

um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 24. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gjald skal greiða fyrir stimplun aðfarargerða, kyrrsetningargerða og löggeymslu þegar endurritum úr gerðabók um þessar gerðir er þinglýst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.